



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - Sími 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Pöll, Hafnarfirði mánudaginn 9. september 2019 kl. 18.30-20.00 eftir gróðursetningu 17 - 18.30

(Fundur nr. 2. frá Kópavogi)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson (sem skráði fundargerð), Þuríður Yngvadóttir og Brynjólfur Jónsson.

Dagskrá fundar

1. Gróðursetning í minningarlund Andrésar

Gunnarssonar við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði.

Fyrir fundinn voru 30 stálpaðar trjáplöntur (ryðölur) gróðursettar með ættingjum hjónanna Andrésar Gunnarssonar og Aðalheiðar Magnúsdóttur í minningarlundinum og eftir það var boðið uppá kaffi og meðlæti.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum lagfæringum. Nokkrar umræður um einstaka liði, m.a. hvar aðalfundurinn verður 2021 og mætingu á síðasta aðalfund. Margir sem voru skráðir og búið að greiða fyrir, mættu ekki í kvöldverðinn. Einhverjir hafa farið fram á endurgreiðslu. Mikilvægt er standa fastá á því að endurgreiða ekki, jafnvel þó veikindi valdi því að fólk geti ekki mætt. Þó ekki sé aukakostnaður vegna þessa þá er leiðinlegt ef ekki er setið við mörg borð í salnum. Aðalfundurinn heppnaðist vel í alla staði og stjórn SÍ þakkar Skógræktarfélagi Kópavogs, starfsfólki SÍ og öðrum sem komu að máli fyrir góðan og gefandi fund.

3. Ályktanir aðalfundar - afgreiðsla

Farið var yfir ályktanirnar og ákveðið á hvaða ráðuneyti á að senda þær, auk fjölmiðla. Greinargerðir eru ekki sendar með nema óskað sé eftir frekari upplýsingum eða skýringum.

4. Ráð og nefndir

Samþykkt að Jens verði vararitari stjórnarinnar.

Nefndir: Nokkrar lagfæringar m.a. stendur á nokkrum stöðum Skógrækt ríkisins þar sem á að vera Skógræktin. Nýir fulltrúar Landverndar í stjórn Kolviðar: Rósbjörg og Jóhannes Bjarki. Jens til vara fyrir Lydiu í stjórn Landgræðslusjóðs. Einar Jónsson kemur í stað Einars Gunnarssonar hjá Landgræðsluskógum. Opinn skógur - Aldamótaskógur - Toyotaskógur: þar verða Páll, Þuríður og Einar Jónsson. Starfshópur um Græna trefilinn hefur ekki starfað í mörg ár og fellur því út. Hópur um aðalfundinn í sept. 2020 er skipaður Kristni, Þuríði og Hrefnu. Fagráðstefna Skógargeirans, fulltrúi SÍ er Jón Ásgeir.

Rætt var um að skoða einstaka sjóði félagsins nánar á sérstökum fundi.

5. Tré ársins

Rauðgreni í Elliðaárdal varð fyrir valinu. Athöfn verður í byrjun október.

6. Önnur mál

29. ágúst 2019 var Skógræktarfélag Þórshafnar stofnað á fundi. Nýja félagið, sem er á svæði Skógræktarfélags Norður-Þingeyinga, sækir um aðild að Skógræktarfélagi Íslands. Stjórn SÍ samþykkti aðild nýja félagsins að SÍ með atkvæðum allra viðstaddra stjórnarmanna.

Sigrún bar upp hugmynd um að gerð verði könnun meðal félagsmanna skógræktarfélaga í landinu á því hvernig þeir vilja koma að félagsstarfinu.

Ákveðið að skoða nánar hvernig best er að framkvæma slíka könnun.

Rætt um heiðursfélaga og hvernig staðið er að útnefningu þeirra, sérstaklega ef þeir vilja ekki þiggja þennan heiður.

Fleira var ekki gert.